

Minjavernd

Sveitarstjóri Dalabyggðar,
Björn Bjarki Þorsteinsson,
Miðbraut 11,
370 Búðardal.

Reykjavík 19. september 2022.

Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi í Ólafsdal.

Með erindi þessu er sótt um framkvæmdaleyfi fyrir bílastæði, endurbótum á heimreið, göngustígum og öðrum þeim atriðum sem falla undir nýsamþykkt deiliskipulag í Ólafsdal.


Stæði fyrir bifreiðar er ætlaður staður austan Ólafsdalsár, undir bökkum eins og fram kemur á skipulagsupprætti. Þar við er ætlaður staður fyrir snyrtingu fyrir almenna ferðamenn sem verður sótt sérstaklega um byggingarleyfi á. Í framhaldi af þessu bílastæði er gert ráð fyrir akvegi inn að sléttu við Tóvinnuhús hvar gert er ráð fyrir möguleika á tjaldstæði. Þaðan liggur síðan göngustígur inn að rústum víkingaaldarskála sem hríslast víðar um dalinn og jafnvel um fjallahringinn í kring.

Við bílastæðið, rústir skála og við Tóvinnuhús verður komið fyrir upplýsinga- og fræðsluskiltum ásamt því sem nokkur fjöldi lítilla skilta verður komið fyrir við markverðar tóttir, hleðslur nátthaga og víðar. Á þeim skiltum munu koma fram tilvísanir í frekari upplýsingar í bæklingum.

Fyrir liggur nýlega samþykkt deiliskipulag að þessum þáttum og hefur fengið staðfestingu með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda. Deiliskipulag þetta var unnið af Landmótun og er frekar nákvæmt, en jafnframt mun Landmótun vinna nánari útfærsluteikningar að framkvæmd þar sem efni verða talin til. Verkefnið er unnið í samvinnu við Landsáætlun um uppbyggingu innviða. Deiliskipulagið liggur fyrir í gagnabanka Dalabyggðar.

Virðingarfyllst,

f.h. Minjaverndar hf.



Þorsteinn Bergsson.